

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Mið-Afríkulyðveldið nr. 760/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliður bætist við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Mið-Afríkulyðveldið nr. 760/2014, ásamt síðari breytingum, í rétttri númeraröð:

2.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/354 frá 11. mars 2016 um framkvæmd 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 224/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulyðveldinu, sbr. fylgiskjal 2.5.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 29. apríl 2016.*

**Lilja Alfreðsdóttir.**

*Stefán Haukur Jóhannesson.*

#### **Fylgiskjal 2.5.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/354**

**frá 11. mars 2016**

**um framkvæmd 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 224/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulyðveldinu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 224/2014 er hér með breytt eins og kemur fram í viðaukanum við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1460033265335&uri=CELEX:32016R0354>.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2016